

## Gjöld:

Leiga fyrir geymsluhólf .....	kr.	500,00
Tekjuafgangur .....	—	4 604,14
		<hr/>
	kr.	5 104,14

## Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1984.

## Eignir:

Sparisjóðsbók nr. 12445 .....	kr.	21 469,67
Kjörbók nr. 260286 .....	—	10 000,00
		<hr/>
	kr.	31 469,67

## Skuldir:

Höfuðstóll .....	kr.	10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum .....	kr.	16 865,53
Tekjuafgangur frá 1984 .....	—	4 604,14
		<hr/>
		— 21 469,67
	kr.	<hr/> 31 469,67

Selfossi, 31. janúar 1985.

F. h. Kvenfélags Selfoss  
Guðrún Bárðardóttir, gjaldkeri.

9. apríl 1985

Nr. 171

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

#### 1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa, skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

#### 2. gr.

Fyrir farandvélar og farandvinnuvélar greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 1 200,00.

Málarastólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar. Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 1 600,00.

Vegaþjoppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m., lyftigeta minni en 2 tonn).

3. flokkur: Gjald kr. 2 380,00.

Farandkranar, byggingakranar.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir fólkslyftur greiðist: kr. 1 600,00.

Fyrir skíðalyftur greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 2 500,00.

Toglyftur með drifstöð og endastöð.

2. flokkur: Gjald kr. 4 000,00.

Toglyftur með möstrum á milli endastöðva.

3. flokkur: Gjald kr. 9 000,00.

Stólalyftur.

4. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðist kr. 900,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 280,00.

5. gr.

Fyrir gasmælingu olúgeyma í skipum greiðist kr. 440,00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 270,00 fyrir hvern geymi þar á eftir. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m<sup>3</sup> að rúmmáli eða með minni þrýsting en 2 kg/cm<sup>2</sup> greiðist kr. 440,00, en fyrir stærri katla kr. 570,00.

Fyrir átaksprófanir á talíum, krönum og öðrum lyftibúnaði greiðist eftir lyftigetubúnaðarins sem hér segir:

0— 3 000 kg.	kr.	700,00
3 000—10 000 kg.	kr.	930,00
yfir 10 000 kg.	kr.	1 370,00

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

6. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir, skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins.

7. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið) um meðferð og stjórnun byggingakrana, um meðferð sprengiefna og um meðferð naglabysa skulu þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera . . . . . kr. 1 600,00

Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara . . . . .	kr.	350,00
Fyrir próf á aðrar vélar . . . . .	kr.	550,00

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera ..... kr. 350,00

## 8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2.—4. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 178/1984.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Óskar Hallgrímsson.*

## REGLUR

### um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

#### I. KAFLI

#### Um endurgreiðslu vegna nýsmíði.

##### 1. gr.

Þegar hafist er handa um nýsmíði skips skal tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins á þar til gerðu eyðublaði ef óskað er endurgreiðslu tolla. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi og smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

Endurgreiðslur samkvæmt þessum kafla geta aðeins farið fram til skipasmíðastöðva eða aðila sem fengið hafa leyfi til að reka hér umræddan iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 og jafnframt tilkynnt skattyfirvöldum starfssemi sína og aflað heimildar til kaupá vörum án söluskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum. Heimilt er þó að víkja frá framangreindum ákvæðum um endurgreiðslur vegna smíði opinna báta og þilfarsbáta allt að 10 metrum, enda fari smíði skips eða báts fram undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins.

##### 2. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir skipasmíðastöðvum áætlaðan toll af efni, vélum og tækjum í skip og báta sem eru 6 metrar að lengd og stærri og af aðalvél í báta minni en 6 metrar. Endurgreiðslur eru sem hér segir:

- Af þilfarsskipum 3%, sbr. 3. gr. og 4. gr.
- Af opnum bátum 1,0%, sbr. 4. gr.
- Af aðalvél, minni en 400 hestöfl, þar með talinn skrufubúnaður og gír, mun ráðuneytið endurgreiða tolla sérstaklega gegn framvísun samrits aðflutningsskýrslu og vöru-reiknings.